

Efni: Svör við fyrirspurn um málefni Tækniskólans

Dagsetning: 20. september 2022

Bæjarfulltrúar Samfylkingar hafa óskað eftir greinargerð frá bæjarstjóra þar sem eftirfarandi fyrirspurnum um málefni Tækniskólans er svarað. Svör fara hér á eftir.

1. Hvar er málið statt og hver er tímarammi áforma um flutning Tækniskólans til Hafnarfjarðar?

Verkefnisstjórn um framtíðarhúsnæði Tækniskólans vinnur nú að því að leiða fram niðurstöður um fjármögnun og eignarhald húsnæðis Tækniskólans, skoða leiðir til fjármögnunar verkefnisins og hvernig eignarhaldi á framtíðarhúsnæði skólans verði háttað. Verkefnastjórnin er skipuð af mennta- og barnamálaráðherra og var tilnefnt í hana af forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti auk Tækniskólans og Hafnarjarðarbæjar.

Ekki liggur fyrir tímaáætlun verkefnisins á þessu stigi.

2. Hefur verið haldinn fundur í samráðsnefnd með ríkisvaldinu og skólayfirvöldum, sem bæjarstjóri á sæti í og hver er verkáætlun þeirrar nefndar?

Verkefnastjórnin hefur nýlega hafið störf og er stefnt að því að tillögur hennar liggi fyrir í nóvember.

4. Hver er áætlaður kostnaður Hafnarfjarðarbæjar við flutning skólans á hafnarsvæðið.

a) m.a. vegna uppkaupa og annars kostnaðar vegna lóðar undir skólann?

b) sem og kostnaður við hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar við nýframkvæmdir Tækniskólans?

Eitt af meginverkefnum verkefnastjórnar er að yfirfara kostnaðaráætlanir og að leiða fram niðurstöðu um fjármögnun og eignarhald húsnæðis. Tillaga að hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í verkefninu liggur því ekki fyrir á þessari stundu.

5. Er tekið tillit til þessara þátta í breytingatillögu aðalskipulags á hafnarsvæðinu sem var til umræðu á fundi bæjarstjórnar þann 31. ágúst sl.?

Í tillögu að aðalskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu á hafnarsvæðinu sem samrýmist uppbyggingu Tækniskólans.

6. Hvernig verður þá aðgengi að skólanum?

Hönnun skólans er ekki hafin en ætla má að aðgengi verði einkum um Óseyrarbraut og Fornubúðir.

7. Er búið að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu á svæðinu, ekki síst með tilliti til samgöngu- og bílasæðamála?

Gert er ráð fyrir borgarlínustöð á þessu svæði sem tryggir góðar almenningssamgöngur fyrir nemendur og starfslið. Við hönnun skólans mun bærinn leggja áherslu á að gert sé ráð fyrir bílastæðum í samræmi við starfsemina.

Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri